



Faghópur IV

Fundargerð 5. fundar, Orkustofnun 5. maí 2009, kl. 13:00

Mætt: Guðni A. Jóhannesson, Guðmundur Þóroddsson, Jakob Sigurður Friðriksson Ómar Örn Ingólfsson og Tómas Þór Tómasson sem ritaði fundargerð.

Forföll: Agnar Olsen.

1. **Fundargerð.** Fundargerð síðasta fundar var ekki afgreidd.
2. **Edda Rós Karlsdóttir** hefur tekið við nýju starfi sem samræmist ekki störfum hennar fyrir rammaáætlun. Hefur hún því hætt þátttöku í starfi faghópsins.
3. **Gestir frá Landsneti.** Á fundinn mættu fulltrúar frá Landsneti til að ræða möguleika á að meta línulagnir m.t.t. virkjanakosta. Fulltrúar Landsnets voru Íris Baldursdóttir, deildarstjóri kerfisþróunar, og Árni Jón Eliásson, sérfræðingur. Í umræðum kom m.a. fram:
 - a. Af þeim u.þ.b. 80 virkjunarkostum sem liggja undir mati rammaáætlunar hefur Landsnet skoðað 20 kosti mis mikið.
 - b. Þegar hugað er að leiðarvali fyrir línur þarf að kanna fjölmarga þætti, þ.á.m. landshætti (vettvangsskoðun), loftslag og veðurlag, skipulagsmál, hentuga leið tæknilega, ýmsa umhverfisþætti o.s.frv. Einnig þarf að huga að nákvæmri staðsetningu stöðvarhúsa, loftlínum eða jarðstrengjum, flutningsgetu, tengistaði (sé þörf fyrir ný tengivirki í núverandi flutningskerfi getur það haft veruleg áhrif á kostnað) ofl.
 - c. Áætla má gróflega kostnað við línulagnir með aðstoð verðbanka Landsnets.
 - d. Ákveðið var að faghópurinn sendi Landsneti nýjan lista yfir virkjunarkosti, ásamt áætluðu afl og GPS-hnitum. Íris mun móta endanlega aðferðafræði um framhaldið og gefur upp kostnaðaráætlun.
 - e. Aðferðafræðin byggir á eftirfarandi: Landsnet reiknar gróft kostnaðarmat samkvæmt gefnum forsendum um staðsetningu og afl. Miða skal við stystu loftlínu til núverandi flutningskerfis nema fyrir liggi náttúrulegar hindranir eða vegna núverandi friðunar landsvæða og skal þá áætla kostnað vegna þess. Faghópar 1 og 2 fá hugmyndirnar til umfjöllunar

ásamt myndum/teikningum af línum og möstrum. Línustæði skal merkja inn á loftmyndir.

4. Drög að lista yfir virkjunarkosti.

- a. Jakob benti á að virkjunarkostu í Innstaðal fellur út þar sem svæðið fellur undir Hellsheiðarvirkjun.
- b. “Bitra-Ölkelduháls” skal heita “Bitra”.
- c. Bæta skal inn Búðarhálsvirkjun.
- d. Ástæða er til að merkja þá kosti sérstaklega sem komnir er það langt á veg að ekki verður aftur snúið.
- e. Ómar kannar hugmyndir um virkjanir í neðri Hvítá (neðan Gullfoss).

5. Næsti fundur verður fimmtudaginn 19. maí 2009 kl. 13:00 á Orkustofnun.